



20. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 2. september 2024 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elfasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir varaformaður (BL), Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri (GK), Herbert Arnarson (HA), Einar Hannesson (EH) og Ágúst Angantýsson (ÁA)

Í fjarfundarbúnaði: Heiðrún Kristmundsdóttir (HK)

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Forföll boðaði: Jón Bender (JB).

HSJ ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir tveggja síðustu fundar verða birtar á kki.is síðar í vikunni.

2. Fundir með félögunum 30. og 31. ágúst

Upplýsingafundir með félögunum svona fyrir upphaf keppnistímabils, góð mæting. Farið yfir hin ýmsu mál og góðar ábendingar frá félögunum. Rætt um hvort hægt sé að hafa fundinn einnig í fjarfundaformi. Umræðan hefur þó verið sú að gott sé að hafa þennan fund sem staðfund en að bjóða aðra fundi einnig í fjarfundaformi.

3. Skipting fjármagns

Skjal lagt fram sem GNE og HSJ unnu fyrir fundinn en þar komu fram allar upplýsingar varðandi nýjar tekjur og þá samninga sem hafa verið gerðir varðandi sölu á sjónvarps-, veðmála- og nafnarétti. Góðar umræður um hvernig skipta á þessum fjármunum á félögin en einnig þarf að huga að því að snúa við rekstri sambandsins. Málið unnið áfram og áframhaldandi umræða á næsta fundi.

4. ÍTK

Stjórn og framkvæmdastjóra var boðið á aðalfund ÍTK (Íslenskur topp körfubolti), GNE, ÁA og HSJ mættu á fundinn. Að loknum þeim fundi óskaði stjórn ÍTK eftir fundi með stjórn KKÍ til að ræða hugmyndir að samstarfssamningi ÍTK og KKÍ, sá fundur verður á næstu dögum.

5. Önnur mál/til upplýsinga

Næsti fundur mánudaginn 7. október 2024 kl. 17:00

Fundi slitið 18:55